



Reykjavík 27. mars 2023

Umhverfis- og skipulagsráð  
Ráðhús Reykjavíkur

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands frá 8. mars 2023 nr. USK23030010 um vagnsflota Strætó bs.**

Rétt er að mikil þörf er fyrir endurnýjun vagnafloata Strætó þar sem stór hluti flotans er vel kominn til ára sinna. Þörf fyrir endurnýjun á þessu og næsta ári eru allt að 40 vagnar og síðan 6 vagnar á ári eftir það miðað við núverandi og fyrirhugaðan akstur.

Kostnaður við slík vagnakaup gæti numið allt að 2,5 milljörðum króna þar sem um er að ræða vagna sem knúnir eru endurnýjanlegum orkugjöfum.

Umtalsverður rekstrar- og viðgerðakostnaður er á núverandi vagnafloata Strætó sem nemur um 12-14 milljónum króna á vagn á ári en stöðugt viðhald og viðgerðir er á vögnum. Af 66 vögnum sem eru í notkun í dag eru 45 þeirra 8 ára og eldri. Líftími strætisvagna er 7-10 ár og eykst viðhaldskostnaður umtalsvert eftir fyrstu 6-7 árin.

Rekstur Strætó hefur verið í járnum eftir heimsfaraldur Covid-19 og stríðs í Úkraínu þar sem tekjur drógust umtalsvert saman og verðhækkanir á olíu og öðrum aðföngum jukust verulega. Því hefur félagið ekki haft neitt fé aflögu til fjárfestinga í vögnum. Bent skal á nýsamþykktan ársreikning félagsins fyrir árið 2022 þessu til staðfestingar.

Virðingarfyllt,

---

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri

Strætó bs.  
Hesthals 14  
110 Reykjavík  
S. 540-2700  
[strato.is](http://strato.is)